

Eystra-Geldingaholti 5. nóvember 2014

Athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. 29 Hvammsvirkjun færir úr biðflokk í orkunýtingarflokk.

Við mótmælum því að Hvammsvirkjun sé flutt úr biðflokki í nýtingarflokk. Viturlegra væri hverfa alfarið frá frekari virkjunum í Þjórsá. Látum náttúruna njóta vafans, notum hana ekki í tilraunaskyni.

Við höfum fylgst með undirbúningi hugsanlegra virkjana, svo sem Hvammsvirkjunar í rúman áratug, og gert athugasemdir á öllum stigum vegna óbætanlegra áhrifa Hvammsvirkjunar á náttúru, landslag og samfélag. Við vísam í fyrri athugasemdir okkar, sem enn eru í fullu gildi.

Margsinnis hefur verið bent á að Hvammsvirkjun myndi valda óafturkræfum, óbætanlegum skaða á náttúru, landslagi, umhverfi og samfélagi. Rannsóknir á samfélagsþáttum hafa ekki verið gerðar þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um þörfina á þeim - en líkur benda til að Hvammsvirkjun muni hafa eyðileggjandi áhrif á samfélagið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áform um Hvammsvirkjun hafa valdið deilum og ágreiningi hjá íbúum í hreppnum, milli fólks sem er annt um verndun náttúrunnar við Þjórsá og þeirra sem sjá náttúruna sem leið til að sækja gróða sem ekki tekur tillit framtíðar. Einnig er nokkur hópur í sveitinni sem ekki vill taka afstöðu í þessu máli en verður tilneyddur ef af þessum áformum verður og þannig verður gjáin milli fólks hér í sveit dýpri.

Fjöldi ferðamanna á Íslandi hefur aukist gríðalega síðustu árin og talið er æskilegt að fjölga vinsælum ferðamannastöðum. Í Þjórsárdal er mikil náttúrufegurð og greið leið frá Reykjavík. Hér verður vitnað í orð Magnúsar Helgasonar (Kvöldræður úr Kennaraskólanum 1909-1929) þar sem hann lýsir því hvað Þjórsárdalur hefur upp á að bjóða:

„Stórfellda náttúru, yndislega og ömurlega, líflega og eyðilega, forkunnar fríða og voða hrikalega, og allt þetta á eigi stærra svæði en svo, að einn vorlangur dagur má endast til að skoða. Og yfir því öllu hvelfist draumhiminn sögunnar. Hún situr þar í hásæti og bendir á minjar og mannvirki löngu liðinna alda víðsvegar innan um furðuverk náttúrunnar. Í gegnum fossaniðinn heyrir eins og óm af þungri baráttu og örlögum liðinna kynslóða, en munnmælasögurnar bergmála frá báðum hliðum. Náttúrufræðingurinn, sagnfræðingurinn, fornfræðingurinn hafa þar allir ærið verkefni, og þá ekki síður skáldið og malarinn. ... Í honum mætast byggðin og óbyggðin að vestanverðu við Þjórsá og um hann liggur vegurinn norður á Sprengisand.“

Við skulum hafa þetta í huga þó að langt sé síðan þetta var ritað og margt hefur breyst. Víst er að náttúrufegurð Þjórsárdals er vannýtt auðlind sem auðvelt er að nýta miklu betur árið um kring. Hvammsvirkjun myndi spilla þessum möguleikum til eilífðar.

Þjórsá, eins og hún er, virkar sem örugg sauðfjárveikivarnargirðing á milli Árnes- og Rangárvallasýslu. Sauðfjárjúkdomar eru enn raunveruleg ógn við rekstur og afkomu sauðfjárþúfa og skiptir máli hver hlekkur sem veiktur er í þeirri lífkeðju. Með tilkomu Hvammsvirkjunar yrði þessi náttúrulega sauðfjárveikivörn ónýt og yrði því að girða með árbökkum beggja vegna árinna. Slík girðing myndi spilla útliti landsins og skemma gönguleiðir með ánni og er auk þess aldrei algerlega held.

Við búum núna við þá raunveruleglu ógn að stórflóð verði vegna eldgoss í Bárðarbungu. Á sama tíma koma ráðamenn með þá tillögu að flytja Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Þetta vekur

furðu, er ekki komið nóg af virkjunum í Þjórsá, sem núna eru í stórhættu vegna hugsanlegra flóða á svæðinu? Satt að segja er dapurlegt að þurfa núna, við þessar kringumstæður, að setjast niður og skrifa athugasemdir vegna til kominnar tillögu um flutning Hvammsvirkjunar úr biðflokki í nýtingarflokk.

Máli okkar til stuðnings nefnum við hér umfjöllun í fréttabættinum Spegillinn í Ríkisútvarpinu s.l. mánudag, 3. nóvember 2014. Þar segir:

„Mat á flóði vegna eldgoss í Bárðarbungu á vatnasvæði Þjórsár og Tugnár gæti haft alvarlegust áhrif á íslenskt samfélag sem almannavarnir hafa tekist á við að undanskildum hernaðarógnum fyrri tíma. Þetta kemur fram í skýrslu almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra og Viðlagatrygginu Íslands.

Í kjölfar jarðhræringanna í Bárðarbungu og gossins í Holuhrauni var skipaður starfshópur til að meta áhrifin af hugsanlegum flóðum ef til goss kæmi í Bárðarbungu. Einkum er talið að flóð geti rutt sér braut til sjávar á þremur stöðum. Tvö þeirra færu norður á bóginn annars vegar flóð í Jökulsá á Fjöllum og hitt í Skjálfafljóti. Þriðji möguleikinn er að flóð brytist undan jöklinum og flæddi yfir vatnasvæði Þjórsár og Tugnár. Öll þessi flóð gætu haft mikil áhrif en flóð í suður gæti haft gríðarleg áhrif á innviði landsins og um leið á grunnstöðir samfélagsins. Víðir Reynisson deildarstjóri almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra segir að kastljósinu sé fyrst og fremst beint að fólki og hvernig megi rýma svæði fljótt og á öruggan hátt.

„Síðan erum við að skoða áhrif flóða á samfélagið og velta fyrir okkur hugsanlegu rafmagsleysi í kjölfar flóðs sem færi suður um og hvort það hefði langtímaáhrif á rafmagsframleiðsluna og dreifinguna. Einnig hvaða áhrif það hefði á fjarskipti. Við höfum verið að kanna til hvaða mótvægisáðgerða er mögulegt að grípa til að draga úr þessum áhrifum.“ Þetta sagði Víðir Reynisson þegar rætt var við hann í Speglinum í fyrradag.

Andstæðingar virkjana hafa ítrekað talað um flóðahættu vegna vegna stíflurofs en hætta þessi hefur ekki verið viðurkennd. Nú er þessi ógn staðreynd.

Virðingarfyllt,

Árdís Jónsdóttir Eystra-Geldingaholti kt. 271055-3079

Margrét Eiríksdóttir Eystra-Geldingaholti kt. 121225-2639

Ólafur Jónsson Eystra-Geldingaholti kt. 300453-5469

Eiríkur Jónsson Eystra-Geldingaholti kt. 250351-7399

Margrét Steinþórsdóttir Háholti 180446-4949

